

# Leikskólinn Tjarnarbær

## Ársskýrsla



Frá ágúst 2017 til júlíloka 2018

## **Inngangur**

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarfið í leikskólanum Tjarnarbæ fyrir skólaárið 2017- 2018.

Leikskólinn Tjarnarbær hóf starfsemi sína þann 12. apríl 1983 en var formlega vígður þá um sumarið, af þáverandi forseta Íslands frá Vigdísi Finnbogadóttur.

Tjarnarbær er staðsettur á fallegum stað í þorpinu og við hliðina á skólanum er tjörn, sem hann dregur nafn sitt af. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einnig er stutt í sundlaug og íþróttahús.

Leikskólinn er byggður sem tveggja deilda leikskóli og er rými fyrir 40 börn. Er önnur deildin skipulögð fyrir yngri börnin en hin fyrir þau eldri. Deildarnar bera nöfn sín af fjöllum tveimur sem umlykja fjörðinn okkar, Spilli og Gelti.

## **Hagnýtar upplýsingar um skólann**

Á Tjarnarbæ er boðið upp á vistun frá kl. 7:45 – 16:15. Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma, 4 - 8 klst.

Heimilisfang skólans er: Túngata 11, 430 Suðureyri.

Símanúmer: 450 8290 - gsm: 896 7991

Leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir, tjarnarbaer@isafjordur.is

Deildarstjóri: Lilja Einarsdóttir, liljaei@isafjordur.is

Aldurssamsetning barna á síðasta skólaári var frá 1 til 6 ára.

Á síðasta skólaári voru 19 börn á haustönn, 20 börn á vorönn, 22 börn á sumarönn, auk þess sem fjögur börn voru e.h. í dægradvöl. Á Tjarnarbæ eru tvær deildir, Göltur og Spillir. Á Gelti eru yngstu börnin frá eins til þriggja ára og á Spilli eru eldri börnin frá þriggja til sex ára, auk þess sem grunnskólabörn eru í dægradvöl eftir hádegi.

## **Starfsfólk / Fjöldi kennara**

Leikskólinn var vel mannaður af fagfólki á sl. starfsári, tveir leikskólakennarar, tveir kennarar með grunnskólakennararéttindi og einn leikskólaliði. Auk þess að vera með starfsmann sem búinn er að starfa við skólann í nokkur ár. Listi yfir þá starfsmenn sem störfuðu í leikskólanum sl. starfsár. Svava Rán Valgeirsdóttir, leikskólastjóri 100%

Lilja Einarsdóttir, deildarstjóri 100%

Emilía Górecka, matráður 93.7%

Jóna Margrét Valgeirsdóttir 100%

Kristín Ósk Egilsdóttir 100%

Aldís Jóna Haraldsdóttir 50%

Karla Dögg Karlsdóttir 50%

Anna Szablowska, ræsting

Monika Tyszkiewicz, ræsting

## **Stöðugildi**

Stöðugildi við leikskólann voru 5,9375. Stöðugildi við skólann fara eftir fjölda barna í skólanum hverju sinni.

## **Hreyfingar**

Aldís Jóna Haraldsdóttir óskaði eftir því að lækka starfshlutfall sitt við skólann og fara niður í 50% starf á móti 50% starfi í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel en þó kom það fyrir yfir veturinn að við þurftum að lána hana yfir í grunnskólann sem bitnaði svo aftur á okkar starfi. Karla Dögg Karlsdóttir hóf störf 15. september og var leikskólastjóri því með fasta viðveru inni á deild frá því að leikskólinn opnaði eftir sumarfrí fram í miðjan september.

## **Skipulags- og námskeiðsdagar**

- Skipulagsdagur 8. september: Dagurinn var nýttur til að skipuleggja og útfæra starfið á komandi starfsári. Einnig kom Baldur Ingi Jónasson mannauðstjóri Ísafjarðarbæjar og var með kynningu á starfsmannakönnun er gerð var á vorönn 2017.
- Námskeiðsdagur 19. október. Allir starfsmenn Ísafjarðarbæjar tóku þátt í námskeiði sem haldið var í Íþróttahúsinu Torfnesi Ísafirði. Markmiðið með deginum var að efla liðsheild og tengsl við sameiginlegan tilgang okkar sem starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem er „*Við þjónum með gleði til gagns*“.

- Skipulagsdagar 2. janúar og 20. apríl voru nýttir til endurmats á starfi haustannar og einnig til þess að skipuleggja og útfæra starf vor- og sumarannar.

Starfsmannafundir voru fjórir yfir árið og voru haldnir frá kl 13:00 – 16:00 á föstudögum. Tímasetning þessi er í samráði við foreldraráðið. Á starfsmannafundum eru rædd þau mál er liggja fyrir á næstunni, þeir eru nýttir til að ræða barnahópinn og endurmeta ákveðna þætti í starfsemi leikskólans.

### **Nám, námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn**

- Svava Rán Valgeirsdóttir fór á kynningu ásamt leik- og deildarstjórum í leikskólum Ísafjarðarbæjar á fyrirlestri Vöndu Sigurgeirsdóttur þann 17. ágúst í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.
- Svava Rán Valgeirsdóttir fór á námskeið Barnaheilla sem ber nafnið Vináttuverkefni þann 4. september í Reykjavík.
- Á starfsdegi 8. september kom Baldur Ingi Jónasson mannauðstjóri Ísafjarðarbæjar og var með kynningu á starfsmannakönnun er gerð var á vorönn 2017.
- Svava Rán Valgeirsdóttir fór í heimsókn í leikskóla í Grindavík 21. september ásamt öðrum leikskólastjórum í Ísafjarðarbæ. Farið var í heimsókn í leikskólana Laut og Heilsuleikskólann Krók. Fengum við góða kynningu á starfinu, skoðuðum skólana og aðbúnað.
- Karla Dögg Karlsdóttir fór á námskeið þann 28. september fyrir nýja starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem Baldur Ingi Jónasson mannauðsstjóri heldur utan um.
- Allir starfsmenn tóku þátt í sameiginlegum námskeiðsdegi leikskóla Ísafjarðarbæjar þann 3. október. Boðið var upp á námskeið með Vöndu Sigurgeirsdóttur lektor í tómstunda- og félagsmálafræðum um einelti og samskipti barna.
- Margrét Halldórsdóttir og Guðrún Birgisdóttir voru með kynningu á læsisstefnu Ísafjarðarbæjar fyrir foreldra og kennara þann 11. október.
- Torfnesi Ísafirði. Markmiðið með deginum var að efla liðsheild og tengsl við sameiginlegan tilgang okkar sem starfsmenn Ísafjarðarbæjar sem er „*Við þjónum með gleði til gagns*“.

- Svava Rán Valgeirsdóttir fór á námskeiðið Hljóðamælirinn þann 20. nóvember. Hljóðamælirinn er mælitæki sem gefur möguleika fyrir skóla að skima framburð reglubundið með spjaldtölvu. Bryndís Guðmundsdóttir heldur námskeiðið og hefur þróað þennan hugbúnað.
- Ásta María Guðmundsdóttir starfsmaður barnaverndar var með kynningu á barnavernd á starfsmannafundi þann 2. febrúar.
- Á starfsmannafundi 2. mars horfðu kennarar saman á fyrirlestur Urðar Njarðík dósents við Háskóla Íslands um kvíða barna. Fyrirlesturinn bar nafnið: Er þetta ekki bara frekja? Samspil kvíða og hegðunarvanda barna.
- Svava Rán Valgeirsdóttir var með kynningu á meistaraannsókn sinni, Félagsleg tengsl barna af erlendum uppruna á Morgunrabbi RannUng í Reykjavík þann 6. apríl. Einnig kynnti hún verkefni sitt á aðalfundi 4. deildar Félags leikskólakennara á Ísafirði þann 15. maí.
- Á starfsmannafundi á vorönn fengum við kynningu frá Landvernd um Grænánaverkefni sem er alþjóðlegt verkefni í umhverfismennt.

### **Skýrsla um skólahald starfsárið 2017– 2018**

Síðasta starfsár var skemmtilegt og viðburðarríkt og fól í sér fjölda áskorana bæði fyrir börn og starfsfólk. Starfsmannahald var nokkuð stöðugt og í vetur vorum við mjög heppin að vera með hátt hlutfall starfsmanna með fagþekkingu.

Ein breyting var á starfsmannahaldi, en kennari sem var í 100% stöðu óskaði eftir því að fara í 50% stöðu á móti 50% stöðu í grunnskólanum. Auglýst var því eftir kennara í 50% stöðu en það tókst ekki að ráða í stöðuna fyrr en í lok september. Það var því nokkurt álag í haustbyrjun og þurfti leikskólastjóri að leysa af inni á deild frá miðjum ágúst til septemberloka. Við tók síðan að þjálfa viðkomandi starfsmann. Á haustönn lánuðum við einnig kennara frá okkar yfir í grunnskólann í heildina í tæpar tvær vikur. Hluta af þeim tíma fengum við starfsmann frá grunnskólanum í ca. 3 klst. á dag, en vorum undirmannaðar í fimm tíma á dag.

Aðlögun barna gekk nokkuð vel en fimm börn um eins árs byrjuðu hjá okkur á haustönn. Ekkert barn búsett á Ísafirði var í leikskóladvöl hjá okkur þetta skólaárið, en nokkuð hefur verið um að foreldrar hafa óskað eftir plássi hjá okkur á meðan beðið er eftir að komast í leikskóla á Ísafirði. Breytingar voru gerðar á starfsmannahópnum og flutti Lilja sig yfir á yngri deildina en Jóna Margrét fór yfir á eldri deildina. Fjöldi barna var svipaður og verið hefur undafarin ár eða um

20 börn. Á Gelti voru börnin 8 en á Spilli voru þau 12. Fjöldi barna var því 20 yfir veturinn en í apríl bættust óvænt við tvö börn í leikskólann og þau þá orðin 22 á sumarönn.

Unnið var eftir starfsáætlun sem gerð var sameiginlega af starfsmönnum skólans og gekk nokkuð vel að fylgja henni eftir. Það var þó nokkuð um undirmönnun á starfsárinu vegna veikinda og fría starfsmanna, hefur það alltaf áhrif á starfið. Meira var um óskir um frí hjá starfsmönnun yfir lengri tíma en áður hefur verið.

Haldið var áfram að vinna með verkefnið *Stillum saman strengi* sem er átaksverkefni um lestur og stærðfræði í öllum leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Þetta er þriðja árið sem þetta verkefni er í gangi hjá okkur og því komin nokkur reynsla á það. Á hverjum degi vorum við með markvissa málörvunarstund þar sem unnið var með fjölbreytt verkefni, þessar stundir höfum við kallað Lubbastundir. Stundirnar eru búnar að festa sig í sessi og eru fastir liðir í okkar starfi. Haldið var áfram að fjölga orðmyndum sem við höfðum upp á veggjum af móðurmáli þeirra barna sem eru í leikskólanum. Á sumarönn ákváðum við að byrja aftur á því að senda bangsann Veróniku heim með börnunum og töskuna sem henni fylgir. Um er að ræða málörvunarverkefni sem felst í því að börnin taka með sér bækur sem foreldrar lesa með börnunum heima. Boðið er upp á bækur á móðurmáli allra barnanna. Einnig fylgir dagbók en í hana skrifa börnin frásögn af því sem var gert um helgina með Veróniku. Þetta er verkefni sem börnin hafa haft gaman að og eru spennt að fá að bjóða Veroniku heim með sér. Markmiðið með þessu er að hvetja til lesturs með börnunum heima við og einnig gafst börnunum tækifæri til að kynna sína heimamenningu í leikskólaum. Á þessu starfsári vorum við svo heppin að Thitikan Janthawong kom til okkar á hverjum þriðjudegi og var með móðurmálskennslu fyrir börn af tælenskum uppruna. Klofningur ehf styrkti þessa kennslu. Einnig hefur Emilía sem er matráður hjá okkur verið með móðurmálskennslu fyrir börn af pólskum uppruna einu sinni í viku. Við teljum að þessi móðurmálskennsla hafi verið að gera börnunum gott og sjáum við miklar framfarir hjá börnunum sem eru af tælenskum uppruna, sérstaklega er varðar félagsþroska og hugrekki til þess að tjá sig og taka sér pláss í hópnum.

### **Starfsmarkmið fyrir skólaárið 2017 – 2018**

1. Félagsleg tengsl/vináttuverkefni
2. Lestur og ritmál
3. Stærðfræði
4. Þemaverkefni – þar sem er unnið með Könnunaraðferðina
5. Barnafundir

## 1. Félagsleg tengsl barnanna - vináttuverkefni

Í vetur var unnið með félagsleg tengsl barnanna, áhersla var lögð á það að börnin læri að við erum ólík, engir tveir eru alveg eins en allir hafa jafnan rétt. Mikið var rætt um að við værum missterk að gera hluti og að allir þyrftu að æfa sig í einhverju. Einnig ræddum við um hvernig við gætum komið vinum okkur til hjálpar. Það er líka áskorun fyrir börnin að bestu vinir þurfa ekki alltaf að leika saman og að maður ætti áfram góðan vin þó svo að vinurinn væri að leika við annað barn. Hlutverk kennarans var að leiðbeina börnunum í mannlegum samskiptum og hjálpa þeim börnum sem þyrftu aðstoð við að eignast félagi í skólanum.

**Matstæki:** Félagskönnun sem er lögð fyrir börnin á haust og vorönn. Skráning á vali barnanna, skráning í frjálsum leik og myndbandsupptökur.

**Endurmat:** Félagskönnun var lögð fyrir börnin á haustönn og vorönn. Úr henni fengum við ákveðnar vísbendingar um barnahópinn. Ekkert barn kom þó það slakt út að við töldum að við þyrftum að fara í sérstakar aðgerðir. Hins vegar máttum við það þannig að ákveðin börn hefðu veikari stöðu innan hópsins og var þeim gefinn ákeðinn gaumur. Reynt var að styrkja þau börn sem áttu erfitt félagslega og styrkja þau innan hópsins. Námskeið Vöndu Sigurgeirsdóttur var mjög fróðlegt og þær leiðir sem hún nefndi hjálpaði okkur að vinna með vináttu og gæta þess að ekkert barn yrði útundan. Starfmannafundur í nóvember, janúar, mars og júní voru notaðir til að fara yfir markmiðin okkar. Vináttuverkefni Barnaheilla var tekið inn á sumarönn og eru miklar væntingar bundnar við það og starfsmenn áhugasamir að vinna með það.

## 2. Lestur og ritmál

Unnið var með lestur og ritmál á síðasta skólaári á fjölbreyttan hátt. Unnið var með hljóð stafanna í samverustund og notað var verkefnið Lubbi finnur málbeinið. Einnig var efnið notað í hópastarfs málörvunartímum sem voru einu sinni í viku og auk þess í sérstöðum Lubbastundum sem voru einu sinni á dag. Krakkarnir eru mjög ánægðir með Lubba efnið og hundurinn Lubbi er mjög vinsæll. I-padinn var notaður til sögugerðar og Orðaspjall notað í sögustund, en þá er ákveðið orð tekið út úr sögunni og notað á fjölbreyttan hátt í vikunni. Orðmyndir og stafir voru gerð sýnileg á deildinni og passað upp á að bjóða uppá efnivið sem hvetur til málörvunar og læsis.

**Matstæki:** Hljóm-2 próf lagt fyrir að hausti. EFI- málþroskapróf lagt fyrir börn 3–4 ára. Gátlistar fyrir hvern aldurshóp.

**Endurmat:** I-padinn var nýttur í sögugerð en við teljum að börnin hafi verið smá feimin við að nota hann og að þau þurfi meiri þjálfun. Við höfum því ákveðið að halda áfram þeirri vinnu á næsta skólaári. Orðaspjall var nýtt í sögustund í upphafi vetrar en minnkaði þegar leið á

veturinn, samt sem áður finnst okkur aðferðin vera skemmtileg og beinir sjónum að nýjum orðum með það að markmiði að auka orðaforða barnanna. Erfitt reyndist kennurum á Spilli að lesa fyrir allan barnahópinn í einu en það voru 12 börn á deildinni yfir vetratímam. Í maí fjölgaði um tvö börn á deildinni og var þá tekin ákvörðun um að skipta sögustundinni upp í tvo hópa. Í framhaldi af því gekk mun betur að lesa fyrir hópinn og virk hlustun betri. Sérstaklega var skemmtilegt að lesa fyrir elsta hópinn en þá gafst tækifæri að bjóða þeim uppá framhaldssögur. Þar sem við erum með getubreiðan hóp og stór hluti barnanna er tvítyngdur er mikilvægt er að leyfa börnunum að sjá myndir í bókunum jafnóðum og bókin er lesin til þess að styðja við lesturinn.

Okkur finnst að í málörvunartímum mættum við vinna markvissara og var ákveðið að við myndum skoða efni sem leikskólinn Sólborg á Ísafirði er búinn að útbúa upp úr Lubba námsefninu. Hjá elstu börnunum kom Hljóm-2 prófið mjög vel út og greinilegt er að áherslan á lestur og læsi er að hafa góð áhrif á börnin og stöðu þeirra varðandi lestur á bók, en eitt barnið er nú þegar farið að lesa og önnur með mikinn áhuga á lestri. Einnig sjáum við líka áhuga þeirra á að skrifa. Á yngri deildinni sýna börnin stöfunum líka mikinn áhuga og þekkja sinn staf og stafi barnanna sem eru með þeim á deildinni.

### 3. Stærðfræði

Unnið var með stærðfræði á síðasta skólaári í víðum skilningi. Unnið með talningu, samlagningu og frádrátt, hugtök og form. Settar voru upp á vegg myndir af formum og tölustöfum þar sem börnin gátu æft sig í að telja og áttað sig á formunum. Farið var í vettvangsferðir þar sem börnin voru að skoða form og tölustafi í umhverfi sínu. Skuggi þeirra var mældur og þannig þálfuðust þau í mælingum. Einnig var unnið með stærðfræðina á margvíslegan hátt t.d. þegar umsjónarmaður leggur á borð. Talning var æfð í hópastarfstímum, sbr.: Náðu í fimm rauðar spýtur. Teningur var notaður og barnið átti að sækja jafn mikinn fjölda og kom upp á teningnum. Yngsti hópurinn lagði sérstaklega áhersu á að læra afmælisdaginn sinn og að telja upp að 5.

**Matstæki:** Stærðfræðiathugun fyrir 5 ára börn, lögð fyrir að vori. Gátlisti fyrir hvern aldurshóp.

**Endurmat:** Mjög skemmtilegt er að vinna með stærðfræði á fjölbreyttan hátt og við erum á því að við höfum almennt verið að vinna allan veturinn með stærðfræðina.

Daglegar athafnir voru nýttar til að styrkja skilning barnanna á tölum og stærðfræði. Má þar nefna tækifæri sem gáfust við martarborðið, hvað þarf marga diska á borðið, hvað þarf mörg hnífapör o.s.frv. Markmiðið var einnig að börnin átti sig á því að við notum stærðfræði á hverjum degi og að það er hluti af lífinu. Mjög gott var að hafa gátlistann til hliðsjónar til að átta sig á hvað barnið eigi að kunna á ákveðnum aldri. Hins vegar finnst okkur okkur vanta



einhver matstæki til að meta betur stöðu þeirra er varðar stærðfræði. Við fögnum því að á næsta skólaári eigi að taka inn Míó – stærðfræðiskimun í öllum leikskólum í Ísafjarðarbæ.

#### **4. Könnunarverkefni**

Könnunarverkefnið var nýtt í skapandi starfi með börnunum en aðferðin ýtir undir það að börnin nýti áhugasvið sitt til þekkingarleitar. Í hópastarfstímanum finnur hver hópur með sínum hópstjóra kveikju að verkefni og svo er unnið áfram með þá hugmynd. Verkefnin urðu mislög allt eftir áhuga og getu barnanna.

**Matstæki:** Kunnáttuvefur barnanna, umræður, ljósmyndir, myndbönd og verkefni sem börnin vinna.

**Endurmat:** Könnunaraðferðin var notuð til þess að velja nöfnin á öllum hópum í hópastarfi. Einnig var aðferðin notuð til þess að velja þema fyrir hópana. Verkefnin urðu mislög hjá hópunum og það var mat kennara að börnin hafi verið misáhugasöm og að stundum hafi neikvæðni smitast út í hópinn. En oftast gekk vel og allir áhugasamir. Það er þó mat okkar að maður þurfi að vera lunkinn við að lesa í áhugasvið barnanna og vera duglegur að koma með nýjar kveikjur til að viðhalda áhuga barnanna og gera verkefnið spennandi. Dæmi um verkefni sem var unnið var skuggamyndir og einnig verkefni um götur á Suðureyri.

#### **5. Barnafundir**

Áætlað var að vera reglulega með barnafundi á eldri deildinni, en á þeim er sest niður og hin ýmsu málefni rædd. Á barnafundum gefast ótal tækifæri til að læra um samstarf, að koma með sínar hugmyndir, leita lausna og sammælast. Einnig teljum við að með Barnafundum gefum við börnunum þá tilfinningu að þeir tilheyri hópi og séu mikilvægur hluti af honum.

**Matstæki:** það sem rætt er og ákveðið er skráð í sérstaka fundarbók.

**Endurmat:** Ekki var sami kraftur á barnafundum eins og verið hafði veturinn á undan. Helsta ástæðan fyrir því teljum við vera að sá kennari sem hafði þróað sig mest í að vera með Barnafundi færðist yfir á yngri deildina þennan veturinn. Ekki var reglulega skrifað í fundargerðarbók og færðust Barnafundirnir yfir í að vera meira spjall í samverustundinni. Við erum samt á því að það virki betur að vera með sér fundargerðarbók og stefnum við á að taka það form upp á næsta ári.

#### **Endurvinnsla og flokkun**

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er pappírs- og kertagerð og er það hluti af stefnu okkar varðandi náttúruna og umhverfið. Börnin læra að það er hægt að endurnýta hluti og búa til

eitthvað nytsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Börnin koma með kertaafganga og pappír að heiman og reglulega er unnið með þennan efnivið yfir veturinn. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því, en á föstudögum er kassinn sóttur í eldhúsið og flokkað upp úr honum. Eins fer allur lífrænn afgangur í safnkassann okkar, en börnin fara ásamt kennara á hverjum degi út með moltufötuna. Það er mjög skemmtilegt að geta kynnt börnunum þetta ferli á þennan hátt, þar sem þau eru þátttakendur allt ferlið.

**Endurmat:** Minna var um pappírs - og kertagerð þennan veturinn en oft áður. Hins vegar finnst okkur það mjög mikilvægt að halda því áfram og kynna fyrir börnunum hvernig hægt er að endurvinna hluti. Börnin eru dugleg að flokka ruslið og taka virkan þátt og fara með flokkað rusl út í tunnuna okkar. Á vorönn lentum við í því að fá mink inn á lóðina hjá okkur og voru vangaveltur um að hann væri búinn að koma sér fyrir undir pallinum hjá okkur. Möguleiki er að minnkurinn sé að sækja í lóðina í tengslum við moltugerðina hjá okkur. Það var því pásað um tíma að fara með matarafganga í moltuna. Kennarar eru þó á því að halda áfram að vera með moltu en við viljum reyna að finna hvort ekki sé hægt að vera með lokað kar til að koma í veg að mýs sækir í karið og þá mögulega minkur líka.

### **Nám án aðgreiningar - sérkennsla**

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að komið sé til móts við þroskahömlun barna inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika að glíma eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp.

Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins og kostur er.

Þegar barn þarf á sérkennslu að halda er útbúin fyrir barnið einstaklingsnámskrá, en hún felur í sér markmið sem hafa verið sett fyrir barnið og þær leiðir sem á að fara til þess að ná þessum markmiðum. Bæði eru sett fram langtímamarkmið og einnig skammtímamarkmið.

### **Samstarf leik - og grunnskóla**

Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólans og grunnskólans og hefur ákveðin hefð skapast í því samstarfi. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að byggja brú frá leikskóla yfir í grunnskóla og skapa þannig samfellu í skólastarfinu. Þetta er annað árið sem heimsóknir á

milli leikskóla og grunnskóla byrja strax á haustönn. Gagnkvæmar heimsóknir voru einu sinni í mánuði á haustönn og fram í febrúar. Grunnskólabörnin komu tvisvar sinnum í heimsókn til okkar í leikskólann á tímabilinu og unnu verkefni hjá okkur. Leikskólabörnin fóru fjórum sinnum á tímabilinu í heimsókn í grunnskólann. Í mars byrjuðu elstu börnin í leikskólanum að fara í heimsóknir einu sinni í viku í grunnskólann og tóku tilvonandi grunnskólabörn þátt í öllum kennslutímum með 1. bekk. Þannig gafst þeim kostur á að kynnast skólastarfinu og tilvonandi samnemendum sínum. Það var Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari yngsta stigs, sem sá um að skipuleggja heimsóknirnar fyrir hönd grunnskólans.

**Endurmat:** Það er mat okkar að samstarf skólastiganna gangi vel fyrir sig og mikil jákvæðni er á báðum skólastigu um mikilvægi góðs samstarfs börnunum til heilla.

### **Sérkennsla**

Leikskólastjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf á einstaklings sérkennslu. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Flest þeirra barna sem fá sérstuðning, fá hann vegna mál- og/eða hegðunarerfiðleika. Við höfum verið að fá þjónustu frá Tröppu – talþjálfun og en um er að ræða farþjálfun í gegnum tölvubúnað. Kennari situr alltaf í tímanum með barninu og gefur það kennurum góða þekkingu á því sem er verið að vinna með í tímanum og auðveldar það kennaranum að hjálpa barninu við að yfirfæra þekkingu sína úr tímanum í daglegar athafnir. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag hjá kennurum og foreldrum þeirra barna sem hafa nýtt sér þessa þjónustu. Við erum mjög ánægð með þessa þjónustu og teljum jákvætt að barnið geti fengið þjálfun frá sérfræðingi inn á sínum leikskóla. Tvö börn fengu þjónustu í gegnum fjarfundarbúnað frá Tröppu talþjálfun á síðasta starfsári.

### **Skimunarpróf sem notuð eru í skólanum:**

- EFI- málþroskapróf, lagt fyrir öll börn 3 - 4 ára börn
- Hljóm-2 próf, lagt fyrir öll 5 ára börn
- Könnunarskimun í stærðfræðihugtökum, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Tove Krogh teikniprófið – er lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Hreyfiþroska gátlisti, lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri.
- Tras- málþroskapróf, nýtt sem matstæki fyrir þau börn sem þess þurfa.
- Félagakönnun, lagt fyrir öll börn á eldri deild, gefur okkur vísbindingar um hvort eitthvert barn er útundan í barnahópnum.

## Skóladagatal Tjarnarbæjar 2017-2018

- **Ágúst**
- 10. opnum eftir sumarfrí
- 18. Leikjadagur
- 22. Bæjarferð
- **September**
- 4. Hópastarf byrjar
- 8. Skipulagsdagur
- 16. Dagur ísl. náttúru
- 22. Ferðadagur
- 29. Ömmu- og afadagur
- **Október**
- 6. Dótadagur
- 11. Foreldrafundur
- 19. Námskeiðsdagur
- 20. Furðufatadagur
- 23. Foreldraviðtöl
- 24. Foreldraviðtöl
- 25. Foreldraviðtöl
- 26. Foreldraviðtöl
- 27. Bangsadagur
- **Nóvember**
- 3. Dótadagur
- 8. Baráttudagur gegn einelti.
- 10. Pólsk hátíð
- 13. Feðradagurinn
- 16. Dagur ísl. Tungu
- 24. Starfsmannafundur kl 13:00
- **Desember**
- 1. Fullveldisdagurinn / íslensk hátíð
- 5. Jólafondur foreldrafélagsins

- 8. Bæjarferð
- 14. Jólaball
- **Janúar**
- 2. Starfsdagur
- 6. Prettándinn
- 12. Rafmagnslaus dagur
- 19. Bóndadagur/Þorrablót
- 24. Doppóttur dagur
- 25. Röndóttur dagur
- 26. Köflóttur dagur
- **Febrúar**
- 2. Starfsmannafundur frá kl 13:00
- 6. Dagur leikskólans
- 9. Tónlistadagur
- 12. Bolludagur
- 13. Sprengidagur
- 14. Öskudagur
- 23. Tælensk hátíð
- **Mars**
- 2. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 5. Foreldraviðtöl
- 6. Foreldraviðtöl
- 7. Foreldraviðtöl
- 8. Foreldraviðtöl
- 9. Foreldraviðtöl
- 16. Náttfatadagur
- 19. Litavika / gulur
- 20. Litavika / rauður
- 21. Litavika / grænn
- 22. Litavika / blár
- 23. Litahátíð
- 28. Sprelldagur

- **Apríl**
- 6. Dótadagur
- 12. Afmæli Tjarnarbæjar
- 18. Sólarganga
- 20. Skipulagsdagur
- 27. Filippísk hátíð
- **Mái**
- 4. Dótadagur
- 9. Sveitaferð
- 13. Mæðradagur
- 25. Skipulagsdagur
- 26. Vorsýning
- 22. Vorferð
- 27. Dagur barnsins
- **Júní**
- 2. Hjóladagur
- 6. Útskrift
- 13. Ípróttahátíð
- 22. Systkinadagur
- **Júlí**
- 6. Fjallganga
- 6. Dótadagur
- 12. Sumarlokun.

Alltaf er eitthvað skemmtilegt að gerast í leikskólanum og hér er aðeins stiklað á stóru. Hér á eru nefnd nokkur dæmi úr starfi okkar: Á haustin er alltaf farið í **Berjafarferð** með börnunum, í ár var farið út í Staðardal, börnin tíndu ber í dollur eða upp í sig. Börnunum fannst ekki síður skemmtilegt að fá að leika sér frjáls úti í náttúrunni. Þegar það eru **Ferðadagar** hjá okkur förum við í lengri gönguferðir og tökum stundum nesti með okkur. Vinsælt er að labba upp á Skothól eða labba út á flugvöll, að Markúsínu eða í kringum lónið. Í einni slíkri ferð löbбуðum við fram á dauðan ref, en það fannst börnunum mjög merkilegt. Á **Furðufatadegi** mæta allir í furðulegum fötum og á **Bangsadegi** koma allir með bangsann með sér í leikskólann.

Við höldum upp á dag þeirra landa sem tengjast leikskólanum hverju sinni, á sl. ári vorum við með **pólska, tælenska, filippíska og íslenska hátíð**, en þessa daga er boðið upp á þjóðlegan mat og dagurinn er tileinkaður hverju landi. Flaggað er einnig viðkomandi fána hvers lands, þessa daga. Við erum með **Litadaga** en þá eiga börnin að koma í viðkomandi lit í leikskólann, en einnig erum við með **Doppóttan-, Röndóttan- og Köflóttandag**. Þann 16. nóvember ár hvert höldum við upp á **Dag íslenskrar tungu** með ýmsum hætti en m.a. syngja börnin á Sunnuhlíð, dagdeild aldraðra. Foreldrafélagið hefur verið með **Jólafondur** fyrir foreldra og börn, **jólaball** er haldið þar sem foreldrar koma og dansa í kringum jólatréð með börnum sínum og súgfirskir jólasveinar koma í heimsókn. Í janúar erum við með **Rafmagnslausan dag**, þennan dag mæta börnin með vasaljós í skólann. **Þorrablót** er haldið ár hvert, börnunum er boðið upp á þorramat að íslenskum sið og börnin eru með skemmti-og söngatriði. Á **Náttfatadegi** mæta allir í náttfötum í leikskólann. Þann 6. febrúar ár hvert er **dagur leikskólans** en markmiðið með deginum er að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. **Bollu-sprengi- og öskudagur**: Á bolludegi fá öll börnin rjómabollur og fiskibollur eða kjötbollur í hádegismat. Á sprengidegi er boðið upp á saltkjöt og baunir. Á Öskudaginn má sjá alls kyns furðuverur hérna í leikskólanum. Eftir leik og gleði í leikskólanum var farið út og sungið fyrir fyrirtækin í bænum sem tóku öll mjög vel á móti okkur og gáfu okkur eitthvað gott í poka. **Sólarkaffi**, hefð er fyrir því að þann dag sem sólin skín inn um gluggann hjá okkur eru bakaðar vöflur og hin langþráða sól er boðin velkomin aftur í þorpið okkar. **Grín og rugldagur** er haldinn í tengslum við 1. apríl. Við borðum á vitlausum stað á deildinni, borðuðum síðdegishressingu í morgunmat og morgunmat í síðdegishressingu og klæddum okkur ruglingslega. Við höldum upp á sumardaginn fyrsta með því að fara í **Sólargöngu**, við útbúum sólarhatta og syngjum sólarlög, Börnunum er boðið upp á pönnukökur þennan dag. Ár hvert er farið í **Sveitaferð** og fáum að skoða dýrin í sveitinni. Í ár var farið í heimsókn í Birkihlíð og skemmtu börnin sér vel í ferðinni. Við vorum svo heppin að sjá eina kind bera og vakti það mikinn áhuga hjá börnunum. Á hverju ári erum við með **Vorsýningu** í leikskólanum og er hún haldin á laugardegi. Börn og foreldrar mæta því saman í leikskólaann og upplifa sýninguna saman. Mætingin var góð og margir sem komu og heimsóttu leikskólann, en sýningin er opin öllum bæjarbúum. Foreldrafélagið sá um kaffisölu en ágóðinn af henni rann til foreldrafélagsins. **Vorferð elstu nema er** sameiginleg ferð útskriftarnema leikskólans og yngri bekkja grunnskólans. Í ár var farið í Öfundarfjörð en þar var margt skemmtilegt að skoða. Byrjað var á því að fara til Flateyrar en þar var hópnun skipt upp í þrennt. Farið var Dúkkusafnið, Ærslabelgurinn og leiksvæðið í kringum hann var nýtt og þriðji hópurinn gekk upp á varnargarðinn, skoðaði og naut útsýnis frá honum. Þegar allir hóparnir höfðu farið á alla

staðina og jafnframt borðað nestið sitt var fari á Þórustaði. Þar fengum við að fara í fjárhúsin og síðast en ekki síðst fengu öll börn sem það vildu að fara á hestbak. Stóð það upp úr hjá flest öllum krökkunum. Þökkum við Jónu á Þórustöðum kærlega fyrir góðar móttökur. Þetta var því mjög skemmtileg ferð og góð samvinna á milli skólastiga. Í ár var sameiginleg **Íþróttahátíð** allra leikskólanna í Ísafjarðarbæ haldin á Ísafirði. Var það leikskólinn Sólborg sem sá um að skipuleggja hátíðina að þessu sinni. Skipulagðar voru hreyfistöðvar um bæinn en eftir hreyfinguna var öllum boðið upp á grillaðar pylsur á Sólborg. Frábær dagur hjá krökkunum. Á **Systkinadegi** geta börnin boðið systkinum sínum í leikskólann, eða frænkum og frændum. Elstu börnunum var boðið í heimsókn í **skemmtiferðaskipið Aida Luna**. Var í boði að skoða allt skipið hátt og lágt, alls 12 hæðir. Þegar búíð var að skoða var öllum boðið upp á ís og kakó. Tvö barnanna frá Tjarnarbæ lentu síðan í viðtali við fréttamann Sjónvarpsins vegna heimsóknarinnar í skipið. Að sjálfsögðu stóðu börnin sig mjög vel í viðtalinu og voru leikskóla sínum til sóma. Upplifun barnanna af heimsókninni í skipið var mikil og nokkuð ljóst að þau eiga eftir að muna lengi eftir þessari heimsókn. Reglulega eru **hjóladagar** hjá okkur í leikskólanum. Þá koma börnin með hjólin sín og hjálma í skólann. Hjólað er innan lóðar og einnig er stundum farið út fyrir lóðina með kennurum til að æfa sig í umferðinni. Hefð er fyrir því að börnin komi fram opinberlega á Suðureyri, sýni leikþátt eða syngi fyrir viðstadda. Má þar nefna, Sunnuhlíð og 1. maí kaffi. Tilgangur okkar með því er að hjálfa börnin í því að koma fram. Foreldrar ráða því að sjálfsögðu hvort börn þeirra taki þátt eða ekki. Yfirleitt er þátttaka barnanna góð og eru börnin alltaf sínum leikskóla til sóma.

### **Útskriftarathöfn elstu nema**

Þetta árið voru það þrjú börn sem útskrifuðust úr leikskólanum, tvær stelpur og einn strákur. Lengi vel voru bara tvö börn í útskriftarhópnum okkur, en í maí bættist önnur stúlka við hópinn. Það voru því þrír kraftmiklir og skemmtilegari krakkar sem útskrifuðust úr leikskólanum þann 6. júní. Á útskriftardaginn gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt með útskriftarbörnunum. Markmiðið er að þau finni að þetta er þeirra dagur og eigi góðar minningar frá deginum. Útskriftin sjálf fór fram fyrir hádegi og var foreldrum og ættingjum boðið að vera viðstaddir og er lögð áhersla á að hafa stundina sem hátíðlegasta. Börnin sungu nokkur lög fyrir foreldra sína og aðra þá sem voru á staðnum. Eftir það hófst formleg útskrift og foreldrar og ættingjar fylgdust með þegar börnin fengu útskriftarskjal og blóm frá leikskólanum. Eftir útskriftina buðu börnin upp á kaffi og súkkulaðiköku sem þau höfðu skreytt sjálf.



Eftir hádegið var síðan farið í óvissuferð með útskriftarbörnin. Farið var með börnin í ratleik í gegnum þorpið þar sem þau fundu ýmsar vísbendingar um hvert skyldi næst halda. Fyrsta vísbendingin leiddi börnin í óvænta sundferð. Eftir sundferðina var fylgt næstu vísbendingu sem leiddi þau í heimsókn í Íslandssögu, þar sem frábærlega var tekið á móti þeim. Fengu börnin að sjá allt vinnsluferlið og að lokum voru þau leyst út með stórum kassa af dýrindis fiski. Að lokinni heimsókn í Íslandssögu, gaf vísbendingin til kynna að þau ættu að finna hvítan bíl en í honum leyndust bílstólarnir þeirra. Var því óvænt haldið af stað út í Staðardal en þar var grillað var fyrir börnin og þar áttu þau skemmtilega stund saman. Það voru stolt og glöð börn sem komu heim eftir þennan dag. Útskriftardagurinn er stór dagur í lífi barnanna og mikilvægt að foreldrar, afar og ömmur taki þátt í honum og gleðjist með barninu. Eins er mikilvægt að kennarar skólans geri hann sem eftirminnilegastan fyrir börnin.

### **Mat á leikskólastarfi**

#### **Innra mat:**

- Hljóm 2 - próf: var lagt fyrir börnin í elsta árganginn. Hljóm-2 prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund leikskólabarna. Prófið er talið hafa forspárgildi varðandi lestrarnám þegar í grunn-skóla er komið. Niðurstöðum úr prófunum var skilað inn í grunnskólann.
- EFI-2 málþroskaskimun var lagt fyrir börn á fjórða ári, prófið kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.
- Tove Krogh teikniprófið var lagt fyrir elstu börnin.
- Gátlisti fyrir 5 ára börnin: Gátlisti var lagður fyrir elstu börnin í leikskólanum að hausti og að vori. Listinn tekur til eftirfarandi þátta: fínhyfing, grófhreyfing, stærðfræði, lestrarfærni og sjálfshjálpar.
- Gátlistar: sem tóku mið af aldri barnanna voru lagðir fyrir börnin. Þarna er verið að skoða fín- og grófhreyfingar, félagsþroska, málþroskann og sjálfshjálpar. Farið var yfir niðurstöður á foreldrafundi.
- Mat leikskólabarna: Börnin fengu tækifæri til að meta hvernig þeim líður í leikskólanum og í einstaka tímum. Matið er í því formi að börnin fá spurningarlista og eiga að lita broskall eða fýlukall eftir því sem þeim finnst. Dæmi: Hvernig finnst þér útikennslan í dag? ☺ eða ☹ Einnig teiknuðu öll börnin það sem þeim fannst skemmtilegt og leiðinlegast í leikskólanum.
- Félagakönnun var lögð fyrir börnin en hún getur gefið vísbendingar um það ef eitthvað barn samlagast ekki barnahópnum og á erfitt með að eignast vini innan hópsins. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun, til að kanna nánar hvað

veldur einangrun barnsins frá hópnum. Könnun sem þessi getur gefur okkur vísbendingu um félagslega stöðu barnanna í hópnum.

- Endurmat starfsmanna á starfinu: Allir starfsmenn fylltu út sérstakt matsblað er varðar starfið í leikskólanum, hvornig gekk að halda áætlun, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Á starfsmannafundum fer einnig fram óformlegt endurmat og einstakir þættir í skólustarfinu eru teknir út og þeir eru skoðaðir. Þetta óformlega endurmat er ekki síður nauðsynlegt og stuðlar að lifandi og skemmtilegu leikskólustarfi. Skipulagsdagar og starfsdagar eru nýttir til að endurmeta starfið.
- Allir starfsmenn fóru í starfsmannaviðtöl en boðið er upp á það einu sinni á ári. En í þeim er komið inn á þætti eins og álag í starfi, skipulag og hvað mætti bæta varðandi aðbúnað og skipulag.

### **Ytra mat:**

- Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra. En þar gefst foreldrum kostur á að meta gæði starfsins í leikskólanum. Markmið könnunarinnar er m.a. að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslu í starfinu, skipulags og upplýsingaflæðis. Ákveðið var að leggja skólapúlsinn fyrir annað hvert ár. Hann var því ekki lagður fyrir þetta skólaárið heldur á því næsta.
- Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólustarfi. Fundað var með foreldraráði tvisvar á sl. starfsári.
- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar: lögð var fram til kynningar, starfsáætlun fyrir árið 2017-2018, skóladagatal 2018–2019 og ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2016-2017.

### **Foreldrafélag og foreldraráð**

Á foreldrafundi í október 2017 var samþykkt að í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráðs yrðu eftirfarandi foreldrar:

Ólöf Birna Jensen, formaður

Katarzyna Maliszewska

Svala Sigríður Jónsdóttir

Lilja Einarsdóttir (starfar í foreldrafélaginu)

Gott samstarf hefur verið við foreldrafélag leikskólans og hefur myndast hefð fyrir því á hvaða hátt það kemur að starfsemi leikskólans. Á síðasta skólaári sá félagið um jólaföndur foreldra og barna fyrir jólin og einnig hefur félagið séð um veitingar á Vorsýningu leikskólans. Í ár stóð foreldrafélagið einnig fyrir því að fenginn var ljósmyndari til þess að mynda börnin, bæði var boðið upp á einstaklingsmynd og deildarmyndir með kennurum. Foreldrafélaginu er þakkað fyrir gott samstarf, enda er góð samvinna foreldra lykillinn að farsælu leikskólastarfi.

### **Dægradvöl**

Leikskólinn býður upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum eftir grunnskólann. Á sl. skólaári voru fjögur börn sem óskuðu eftir dægradvöl í leikskólanum. Einnig geta foreldrar óskað eftir gæslu þegar starfsdagar eru í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag hefur reynt nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrrverandi leikskólanemum finnist það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann.

### **Samrekstur mötuneytis**

Rekið hefur verið sameiginlegt mötuneyti fyrir leik- og grunnskólann undanfarin ár. Fyrirkomulagið hefur verið á þann hátt að maturinn er eldaður í mötuneyti leikskólans og fluttur í þar til gerðum kassa yfir í grunnskólann. Í mataráskrift í grunnskólanum voru 21 börn og 4 kennarar.

### **Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun stóðst.

### **Keypt þjónusta**

- Túlkaþjónusta, boðið eru upp á túlk á foreldrafundum- og viðtölum.
- Talmeinafræðingur, þjónusta keypt frá Tröppu, fyrir þau börn sem hafa rétt á því.
- Bón, skólinn er bónaður einu sinni á ári.

### **Viðhald í leikskólanum**

Viðhald húss á sl. ári:

- Skólinn var bónaður í sumarfrí.

**Þau verkefni sem eru aðkallandi eru:**

- Yfirfara klæðningu á húsinu.
- Mála innanhúss og húsið að utan.
- Ónýtt gler í mörgum gluggum, þarf að skipta um gler.
- Klára að setja plötur í loft til að bæta hljóðvist.
- Skipta um ljós.
- Skipta út hurðum og setja upp hurðir með gluggum.
- Salerni á eldri deild. Skipta þarf út flísum og setja upp nýjan vask.
- Setja hitalagnir í gólfíð, sérstaklega á yngri deildinni, mjög mikill gólfkuldi er í húsinu
- Endurnýja þarf gólfdukana og gólflista.

**Viðhald lóðar á sl. ári:**

- Lóðin var slegin þrisvar sinnum í sumar á vegum Ísafjarðarbæjar. Að auki var hún slegin tvisvar sinnum í sjálfbodavinnu.

**Það sem brýnt er að gera á lóð er:**

- Setja þarf upp ljósastaura á lóðinni, en á sínum tíma voru settir niður kaplar.
- Skipta út gömlum gormatækjum.

**Viðhald innanstokksmuna**

- Keyptir voru fleiri stólar fyrir börnin.
- Keypt voru rúllugluggatjöld á Gölt og á kaffistofu.
- Þvottavél og þurrkari voru endurnýjuð.
- Fartölva og nýr prentari voru keypt.

Svava Rán Valgeirsdóttir  
Leikskólastjóri.